

5. APRÍL  
2024

HARPA  
ELDBORG



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Barbara Hannigan og Mannsröddin

# Velkomin

---

Vinsamlegast hafið slökkt  
á farsímum meðan á  
tónleikum standur.

---

Tónleikagestir eru beðnir um  
að klappa aðeins í lok tónverka.

---

#### Tímalengd verka

Ummyndanir: 25'

Mannsröddin: 40'

**Tónleikarnir eru teknir upp af RÚV og verða sendir út síðar á Rás 1.**

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

# Barbara Hannigan og Mannsröddin

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 5. APRÍL KL. 19:30

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

**Barbara Hannigan**  
hljómsveitarstjóri og  
einsöngvari

**Barbara Hannigan,  
Denis Guéguin og  
Clemens Malinowski**  
vídeóhönnun

**Clemens Malinowski**  
myndstreymi

**Etienne Démoulin**  
hljóð í sal

**Delphine Dussaux**  
aðstoðarmaður og píanisti  
á æfingum

## Richard Strauss

Ummyndanir (Metamorphosen, 1945)

## Hlé

## Francis Poulenc

Mannsröddin (La voix humaine, 1958)

Texti: Jean Cocteau

Íslenska þýðingu á Mannsröddinni gerði  
Kristján Þórður Hrafnsson og er henni varpað  
upp á tjald á tónleikunum.

For information in English about tonight's programme,  
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:  
[en.sinfonia.is](http://en.sinfonia.is).



# Barbara Hannigan

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

Kanadíska sópransöngkonan og hljómssveitarstjórinn Barbara Hannigan er einkar skapandi listamaður sem gæðir tónlistina lífi með óviðjafnanlegri tilfinningu fyrir hinu dramatíska. Hún hefur lagt sérstaka rækt við samtímátónlist og frumflutt yfir 90 ný verk. Í hópi samverkamanna hennar á 30 ára ferli eru Reinbert de Leeuw, Pierre Boulez, Sasha Waltz, John Zorn, Krzysztof Warlikowski, Simon Rattle, Katie Mitchell, Henri Dutilleux, Vladimir Jurowski, György Ligeti, Kirill Petrenko, George Benjamin, Andreas Kriegenburg og Hans Abrahamsen.

Barbara Hannigan er aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómssveitar Gautaborgar og Kammersveitarinnar í Lausanne og hún er gestalistamaður hjá Fílharmóníusveit franska útvarpsins og Sinfóníuhljómssveit Lundúna. Þá gegnir hún prófessorsstöðu sem kennd er við Reinbert de Leeuw í Royal Academy of Music í Lundúnum. Barbara hefur gefið út sex plötur hjá Alpha Classics útgáfunni, nú síðast *Infinite Voyage* (2023). Hún hlaut Grammy-verðlaunin fyrir plötuna *Crazy Girl Crazy* (2017). Barbara leggur rækt við nýjar kynslóðir tónlistarmanna gegnum verkefni Equilibrium Young Artists, sem var stofnað 2017, og Momentum: our future, now, stofnað 2020. Hún býr í Finistère á norðvesturströnd Frakklands, gegnt æskuslóðum sínum hinum megin Atlantshafsins, Waverley í Nova Scotia.

Þetta er í þriðja sinn sem Barbara sækir Sinfóníuhljómssveit Íslands heim. Hún kom hingað fyrst á Listahátíð 2022 og töfraði áheyrendur með túlkun sinni á verkum eftir Berg, Schönberg, Ives og Gershwin. Hún snéri svo aftur í júní síðastliðnum og stjórnaði þá m.a. fjórðu sinfóníu Mahlers bæði hér í Eldborg og í Hofi á Akureyri.



# Richard Strauss

## UMMYNDANIR

Menningarlegt hrun Þýskalands undir ógnarstjórn nasista og eyðilegging heimsstyrjaldarinnar síðari lagðist þungt á öldunginn Richard Strauss (1864–1949). Eftir að óperuhúsið í München var eyðilagt í loftárásum 2. október 1943 dró hann sig í hlé og hugðist ekki semja tónlist fram. En þegar svissneski hljómveitarstjórinn Paul Sacher hafði samband við hann nokkrum mánuðum síðar og bað hann um verk fyrir strengjasveit greip hann tækifærið til þess að tjá sorg sína: „Trauer um München“ skrifaði hann efst á raddskrána. Þegar þarna var komið sögu saxaðist enn á byggingararf Evrópu; Goethe-húsið í Frankfurt var rústir einar og sprengjur Bandamanna átta líka eftir að granda óperuhúsunum í Vínarborg og Dresden. Öll þessi hús stóðu Strauss nærri. Óperuhúsin af augljósum ástæðum: í München fæddist hann og ólst upp en Dresden og Vín voru húsin þar sem óperur hans voru frumfluttar. Strauss var mjög handgenginn verkum Goethes og endurlas þau öll á gamals aldri, í tímaröð, og hafði á orði að þannig gæti hann orðið ungur aftur en elst síðan með skáldinu. Þessi ferð með Goethe var áreiðanlega að ýmsu leyti sjálfskönnun listamanns sem átti langan og viðburðaríkan feril að baki.

*Ummyndanir* Strauss eru hugsanlega sprottnar úr þessari sjálfskönnun en titill verksins kinkar einnig kolli til skrifa Goethes um ummyndanir í náttúrunni, til að mynda í plöntum. Skáldið útvíkkaði síðan þær hugmyndir til að lýsa því hvernig menningarleg fyrirbæri geta þróast gegnum breytileg form. Í verki sínu staðsetur Strauss sig innan hinnar glæstu hefðar þýskrar tónlistar og lætur fljóta þar inn tónhugmyndir fyrirrennara sinna, einkum Wagners og Beethovens, en fellir þær að sínum markmiðum.

Verkið er skrifað fyrir 23 stök strengjahljóðfæri. Það hefst á hægferðugum inngangi en vefnaður þess þéttist jafnt og þétt og efniviðurinn ummyndast sannarlega á ótal vegu í samspili hljóðfæranna þar til hápunkti er náð og eins konar eftirþankar taka við, þrungnir trega og eftirsjá.

### Tónlistin á Íslandi

Ummyndanir Strauss heyrðust líklega fyrst hérlendis á miðdegis-tónleikum Ríkisútvarpsins föstudaginn langa 1952, þegar leikin var af plötu hljóðritun strengjaleikara Vínarfílharmóníunnar undir stjórn Herberts von Karajan. Verkið hljómaði ekki í lífandi flutningi á Íslandi fyrr en á tónleikum Nýju strengjasveitarinnar í Bústaðakirkju á Listahátíð 1984. Mark Reedman stjórnaði flutningnum. Ummyndanir hafa tvisvar áður verið á dagskrá Sinfóníuhljómveitar Íslands. Þær voru fluttar á tónleikum í febrúar 1991 undir stjórn Petri Sakari og Rumon Gamba stjórnaði verkinu á tvennum tónleikum í apríl 2004.



# Francis Poulenc

## MANNSRÖDDIN

Francis Poulenc (1899–1963) fæddist í París og var ungur að árum kominn í kynni við ýmsa fremstu listamenn borgarinnar svo sem tónskáldið Erik Satie og framúrstefnuskáldin Paul Éluard og Jean Cocteau. Hann varð strax mjög handgenginn samtímaskáldskap og átti eftir að semja tugi sönglaga, til dæmis við ljóð Éluards og Guillaumes Appollinaire, sem sýna vel næmi hans fyrir texta og hæfileika til að túlka hann í tónum. Það varð þó bið á því að hann reyndi sig við óperuformið. Fyrsta framlag hans á því sviði var gamanóperan *Brjóstin á Tíresíasi* (Les mamelles de Tirésias) sem byggð er á samnefndu leikriti eftir Appollinaire. Á árunum 1953–55 samdi hann svo *Samræður Karmelítanna* (Dialogues des Carmelites), dramatíska óperu sem fjallar um örlög hóps nunna á tímum frönsku byltingarinnar. Þar eru konur í aðalhlutverkum og sama er uppi á teningnum í þriðju og síðustu óperunni, *Mannsröddinni*, sem Poulenc samdi árið 1958 upp úr einþáttungi eftir vin sinn Cocteau frá árinu 1930.

Einþáttungur Cocteaus er um leið einleikur. Eina persónan á sviðinu er kona sem talar við ástmann sinn í síma. Samband þeirra er reyndar að rakna upp og ástmaðurinn er kominn í tygi við aðra konu. Við heyrum ekki orð hans og verðum að geta okkur til um þau af viðbrögðum konunnar. Símasambandið er líka óstöðugt, símalínum slær saman, viðmælandinn skellir á, talsímavörður grípur inn í samtalið. Það gengur á ýmsu milli elskendanna (fyrirverandi?) og tónninn sveiflast allt frá hlýju og daðri yfir í reiði og ásakanir, en eftir því sem líður á verkið afhjúpast hydjúp örvænting konunnar. Tónlistin endurspeglar allar þær mótsagna-kenndu tilfinningar sem bærast með henni og birtast í orðum hennar eða því sem hún reynir að fela.

*Mannsröddin* var frumflutt í París í febrúar 1959 og var strax firna vel tekið. Með hlutverkið eina fór sópransöngkonan Denise Duval, vinkona og náinn samverkamaður Poulencs,

## Tónlistin á Íslandi

Mannsröddin hljómar nú í fyrsta sinn á Íslandi í upprunalegri útgáfu Poulencs fyrir söngvara og hljómsveit en hún hefur þrisvar áður verið sett upp hérlendis í einfaldaðri gerð með píanóútsetningu. Signý Sæmundsdóttir fór með einsöngshlutverkið í frumuppfærslu Íslensku óperunnar árið 1999. Píanóleikurinn var í höndum Gerrit Schuil en Ingunn Ásdísardóttir leikstýrði. ÍÓ stóð aftur að flutningi verksins árið 2017 þegar Brynhildur Guðjónsdóttir setti á svið eigin leikgerð í Kaldalóni Hörpu með þremur flytjendum: söngkonunni Auði Gunnarsdóttur, leikkonunni Elvu Ósk Ólafsdóttur og Evu Þyrí Hilmarsdóttur píanóleikara. Tveimur árum fyrr, 2015, var óperan lokaviðburður Listahátíðar, sett upp í samvinnu við óperuna í Wiesbaden. Með sönghlutverkið fór Julia Migenes, Árni Heiðar Karlsson lék á píanóið en Þorleifur Örn Arnarson stýrði uppfærslunni.

en Cocteau leikstýrði og gerði leikmynd. Poulenc sagði sjálfur um verkið í aðdraganda frumflutningsins: „Það er undarlegt að það hafi fyrst verið eftir fjörutíu ára vináttu að við Jean Cocteau skyldum vinna saman. En ég held að ég hafi þurft að vera kominn með mikla reynslu til þess að geta sýnt hinni fullkomnu byggingu *Mannsraddarinnar* viðeigandi sóma, hún kallaði á tónlist sem væri algjör andstæða spuna. Stuttar setningar Coctaus eru svo edlilegar, svo mannlegar, svo hlaðnar því sem er að gerast, að ég varð að skrifa tónlistina mjög nákvæmlega út og skapa viðeigandi spennu. Það er þögn meðan þessi eina persóna hlustar á viðmælanda sinn og í tónlistinni er svo brugðist við því sem hún hefur heyrt. Ég held að ég hafi þurft að upplifa frumspekilega og andlega angistina í *Samræðum Karmelítanna* til að geta gert hinni óbærilegu angist manneskjunnar í texta Coctaus viðunandi skil.“

*Mannsröddin* er enda meistaralega samin. Þótt lítið sé um kafla sem kenna má við ariur – miklu fremur byggist verkið á nánast samfelldu sönglesi (resitatífi) – tekst Poulenc að gera framvindu tónlistarinnar fjölbreytta og fanga inntak og einkenni textans. Hann gætir þess að hljómsveitin yfirgnæfi aldrei söngkonuna en gefur hljóðfærunum lausan tauminn þegar hlé verður á orðum hennar. Það er í hljómsveitinni sem við heyrum tilfinningarnar ólga en hljóðfærin búa líka til nokkurs konar umhverfishljóð, til dæmis símhringinguna sem kveður við nokkrum sinnum í verkinu.

*Svanhildur Óskarsdóttir*

# Á döfinni

18.04 FIMMTUDAGUR  
Kl. 19:30

---



## Eva og Marianna

Júpíter-sinfónían er síðasta og viðamesta sinfónía Wolfgangs Amadeusar Mozart og að marga dómi ekki aðeins besta sinfónía hans, heldur alls klassíska tímabilsins. Á tónleikunum hljómar einnig Burleske eftir Richard Strauss en hann var ekki nema tuttugu og eins árs gamall þegar hann samdi konsertinn og var hann alla tíð í miklum metum hjá tónskáldinu sem taldi hann með sínum bestu verkum. Einleikari er armensk-danski píanóleikarinn Marianna Shirinyan sem heillaði tónleikagesti með flutningi sínum á píanókonsertri Griegs með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Rumons Gamba vorið 2022 en hún hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir innblásinn leik sinn. Síðasta verkið á efnisskránni er Dauði og uppljómun eftir Richard Strauss, heimspekilegt tónaljód sem kannar ráðgátuna um hvað biður handan þessa lífs. Eva Ollikainen aðalhljómsveitarstjóri heldur um tónsprotann.

26.04 FÖSTUDAGUR  
Kl. 19:30

---



## Ungir einleikarar

Framtíð tónlistarlífs á Íslandi hvílir á herðum þeirra ungu hljóðfæra-leikara og söngvara sem um þessar mundir taka sín fyrstu skref á stóra sviðinu. Það er sérstakt tilhlökkunarefni þegar framúrskarandi ungmenni stíga fram sem einleikarar með Sinfóníuhljómsveit Íslands og njóta árangurs þrotlausrar vinnu. Í salnum sitja fjölskylda og vinir sem hafa fylgst með tónlistarnáminu um marga ára skeið og fagnaðarlætin í Eldborg eru aldrei einlægari en á þessum skemmtilegu og spennandi tónleikum.

Einleikarar á tónleikunum verða valdir í samkeppni sem haldin er árlega í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Í ár má með sanni segja að listamennirnir ungu séu í góðum höndum því það er finnski hljómsveitarstjórinn Petri Sakari sem heldur um tónsprotann.

Einleikarar tónleikanna í ár eru Helga Diljá Jörundsdóttir, fiðluleikari Hrafn Marínó Thorarensen, fagottleikari, María Qing Sigríðardóttir, sellóleikari, Ólína Ákadóttir, píanóleikari og Tómas Vigur Magnússon, fiðluleikari.



10.05 FÖSTUDAGUR  
Kl. 19:30

---



## Arnheiður syngur Grieg

Arnheiður Eiríksdóttir mezzósópran er fastráðin söngkona við Þjóðaróperuna í Prag og hefur að undanfögnu vakið mikla athygli fyrir frábæra túlkun og tæknilegt öryggi. Á tónleikunum syngur hún nokkur af dádustu sönglögum Griegs þar sem hljómamikil rödd hennar og ástríða fær að njóta sín til fulls.

Danski básúnuleikarinn Jesper Busk Sørensen er einn af fremstu básúnuleikurum álfunnar en hann hefur verið fastráðinn hjá Fílharmoníusveit Berlínar frá árinu 2009. Hér leikur hann glænýjan og spennandi konsert eftir eitt helsta samtímatónskáld Danmerkur, Bo Holten, undir stjórn landa síns Thomas Søndergård, sem nýlega tók við sem aðalhljómveitarstjóri Sinfóníuhljómveitarinnar í Minnesota. Lokaverk tónleikanna er sjötta sífónía Sibelíusar. Hún er í senn innileg og ægífögur og sjálfur líkti Sibelíus verkinu við hreint, kalt vatn en í verkinu mætast hrfning hans á tónlist miðalda og endurreisnar og frumleg tónhugsun sem varðaði leiðina til framtíðarinnar.

24.05 FÖSTUDAGUR  
Kl. 19:30

---



## Johan Dalene leikur Korngold

„Ein besta fiðlufrumraun áratugarins,“ sagði gagnrýnandi BBC Music Magazine um fyrsta geisladisk Johans Dalene, sænska fiðlusnillingsins sem er aðeins 22 ára að aldri en hefur þegar lagt tónlistarheiminn að fótum sér

Á þessum tónleikum leikur Dalene hinn glæsilega fiðlukonsert Korngolds, hrfandi verk sem sýnir allar bestu hliðar einleikarans. Korngold var í aðra röndina kvikmyndatónskáld og má segja að frásagnargáfa og litadýrð fiðlukonserts hans gefi hinum myndræna miðli ekkert eftir þegar kemur að því að örva ímyndunaraflið. Konsert Bartóks fyrir hljómsveit er sömuleiðis innblásið verk sem reynir á hvern einasta hljóðfærleikara sveitarinnar og spannar allt frá tregablandinni angurværð til æsilegra danskafla. Upphafsverk tónleikanna býr einnig yfir hugmyndaauðgi og fjöri, en það er konsertforleikur Samuels Barber, saminn fyrir leikrit Richards Brinsley Sheridan, The School for Scandal, þegar tónskáldið var enn við nám.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands

## 1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Una Sveinbjarnardóttir  
Pálína Árnadóttir  
Zbigniew Dubik  
Lin Wei  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Geirþrúður Ása  
Guðjónsdóttir Skelton  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Joanna Bauer  
Helga Þóra Björgvinsdóttir

## 2. fiöla

Páll Palomares  
Gunnhildur Daðadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Justyna Bidler  
Kristján Matthíasson  
Dóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Þórdís Stross  
Greta Guðnadóttir  
Ólöf Þorvarðsdóttir

## Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Rita Þorfiris  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Sarah Buckley  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson  
Fidel Atli Quintero Gasparsson

## Selló

Sigurgeir Agnarsson  
Steiney Sigurðardóttir  
Guðný Jónasdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Urh Mrak  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson

## Bassi

Xun Yang  
T.C. Fitzgerald  
Þórir Jóhannsson  
Jacek Karwan  
Richard Korn

## Flauta

Astrid Bjelland  
Áshildur Haraldsdóttir

## Óbó

Julia Hantschel  
Matthías Nardeau

## Klarínnett

Grímur Helgason  
Birkir Örn Hafsteinsson  
Rúnar Óskarsson

## Fagott

Clara Manaud  
Guðrún Erlendsdóttir

## Horn

Stefán Jón Bernharðsson  
Julian Schack

## Trompet

Joris De Rijbel  
Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## Básúna

Jón Arnar Einarsson

## Túba

Tom Yaron Meyerson

## Harpa

Katie Buckley

## Píanó

Liam Kaplan

## Pákur

Soraya Nayyar

## Slagverk

Frank Aarnink

---

Lára Sóley Jóhannsdóttir  
*framkvæmdastjóri*  
Valdís Þorkeldsdóttir  
*viðburða- og skipulagsstjóri*  
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað  
*verkefnastjóri viðburða*  
Hjördís Ástráðsdóttir  
*fræðslustjóri*  
Dagrún Hálfánardóttir  
*mannauðsstjóri*

Jökull Torfason  
*verkefnastjóri dagskrágerðar*  
Margrét Ragnarsdóttir  
*markaðs- og kynningarstjóri*  
Kristín Björg Björnsdóttir  
*markaðsfulltrúi*  
Svanhvit Hrólfsdóttir  
*fjármálastjóri*

Kristbjörg Clausen  
*nótnavörður*  
Cameron Anderton  
*umsjónarmaður nótna*  
Sigþór J. Guðmundsson  
*verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*  
Björk Björgúlfsdóttir  
*sviðs- og tækniamaður*



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS



# ARCHORA / AIÖN

Ný útgáfa á verkum Önnu Þorvaldsdóttur í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ARCHORA / AIÖN, fær frábæra dóma í heimspressunni. New York Times velur diskinn í hóp með 5 áhugaverðum klassískum plötum sem nú er vert að hlusta á.

Gagnrýnendur hrífast af stórkostlegum frumkröftum í tónlist Önnu þar sem slípaðir tónar takast á og faðmast í flóknum leik ljóss og skugga.



BBC Music Magazine

SINFONIA.IS



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Mahler nr. 3

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK  
ELDBORG | 6. JÚNÍ | KL. 19:30

Þriðja sínfónía Mahlers er heill heimur út af fyrir sig. Hún er í senn óður til náttúrunnar og djúphugul, heimspekileg könnun á mannlegu hlutskipti. Verkið er einkar aðgengilegt og ekki laust við að hlustandinn láti berast með sama straumi og Mahler forðum. Þetta stórvirki Mahlers krefst óvenjustórrar sínfóníuhljómsveitar, þriggja kóra og einsöngvara en með einsöngshlutverkið fer hin þýska Christina Bock. Eva Ollikainen, aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar, stjórnar flutningnum.

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS